

## Konungsúrskurður,

Nr. 14.  
19. júní.

sem

með tilvísun til konungsúrskurðar um sjerstakan íslenskan fána  
22. nóvbr. 1913 ákveður gerð fánans.

**Vjer Christian hinn Tíundi**, af guðs náð Danmerkur konungur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt*: Samkvæmt þegnlegum tillögum stjórnarráðs Íslands höfum Vjer allra-  
mildilegast úrskurðað þannig:

Með tilvísun til konungsúrskurðar um sjerstakan íslenskan fána 22. nóvbr.  
1913 er gerð fánans ákveðin þannig: Heiðblár (ultramarine-blár) með hvítum krossi  
og hárauðum krossi innan í hvíta krossinum. Armar krossanna skulu ná alveg út í  
jaðra fánans á alla 4 vegu. Breidd krossmarksins alls skal vera  $\frac{2}{9}$  af breidd alls fán-  
ans, en rauði krossinn helmingi mjórri,  $\frac{1}{9}$  af breidd fánans. Reitirnir við stöngina  
skulu vera rjetthyrndir ferhyrningar og allar hliðar þeirra jafnstórar; ytri reitirnir  
skulu vera jafnbreiðir stangarreitunum, en helmingi lengri. Hlutfallið milli breiddar  
fánans og lengdar hans verður sem 18 : 25.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 19. júní 1915.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

---

*Einar Arnórsson.*